

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- | | | | |
|----|---|-----|---------|
| a) | Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áttaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | kr. | 974,60 |
| b) | Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 59,30 |
| c) | Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnóta, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 108,90 |
| d) | Gjald fyrir lokun og enduroppnun | kr. | 1948,60 |
| e) | <p>Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælalotns eftir að áttaða hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C. 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C. 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra. | | |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áttaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá rétttri stillingu, skal hann greiða kr. 974,60.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald			
Allt að 300 m ³	131.733 kr.			
300 - 2 000 m ³	131.733 kr.	fyrir	300 m ³ og	121,80 kr./m ³ þar yfir
2 000 - 6 000 m ³	337.514 kr.	fyrir	2 000 m ³ og	96,60 kr./m ³ þar yfir
6 000 - 10 000 m ³	722.028 kr.	fyrir	6 000 m ³ og	77,70 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	1.035.334 kr.	fyrir	10 000 m ³ og	68,25 kr./m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 12.822 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 2005, 304,7 stig.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 59, 16. janúar 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. janúar 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu kostnaðar vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

1. gr.

Kirkjugörðum eða kirkjugarðasjóði ber að greiða kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Greiðsluskyldur útfararkostnaður er:

Þóknun til prests og annar kostnaður samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir kistulagningarbæn og útför.

Eðlilegur kostnaður við grafartöku.

Kirkjugarði ber að sjá um eða greiða eðlilegan kostnað við árlegt viðhald legstaðar, svo sem hreinsun hans, hirðingu trjáa og annars gróðurs og smávægilegar lagfæringar á leiði, minnismarki eða öðru, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Ofangreind greiðsluskylda hvílir á kirkjugarði þar sem jarðsett er. Greiðsluskylda vegna andláts barns sem eigi hefur greitt kirkjugarðsgjöld hvílir einnig á kirkjugarði þar sem jarðsett er.

Skylda til greiðslu aksturskostnaðar vegna prestsþjónustu, ef honum er til að dreifa, takmarkast við fjárhæð sem miðast við 12 km í þéttbýli vegna útfarar, 12 km vegna kistulagningar í þéttbýli, ef um sérstaka ferð er að ræða og ennfremur 12 km ef prestur kemur að jarðsetningu duftkers í grafreit í þéttbýli.

Aksturskostnaður vegna kistulagningarbænar og útfarar í dreifbýli er að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gildandi gjaldskrá fyrir kistulagningarbæn og útför, enda hafi akstur verið yfir 24 km.